

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 138/2021

frá 23. apríl 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2160 frá 18. desember 2020 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1907/2006 að því er varðar efnahópinn 4-(1,1,3,3-tetrametýlbútýl)fenól, etoxýlað (sem nær yfir vel skilgreind efni og efni af óþekktri eða breytilegri samsetningu, flókin myndefni eða líffræðileg efni, fjölliður og raðkvæmi) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1771 frá 26. nóvember 2020 um að samþykkja hvarfmassa perediksýru og peroxýoktansýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1765 frá 25. nóvember 2020 um að samþykkja ekki klórófen sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):

„– **32020 R 2160**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2160 frá 18. desember 2020 (Stjtið. ESB L 431, 21.12.2020, bls. 38).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 431, 21.12.2020, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 398, 27.11.2020, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 397, 26.11.2020, bls. 24.

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzp (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1086):

„12zzzzzzq. **32020 R 1771:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1771 frá 26. nóvember 2020 um að samþykkja hvarfmassa perediksýru og peroxyóktansýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4 (Stjtið. ESB L 398, 27.11.2020, bls. 9).

12zzzzzzr. **32020 D 1765:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1765 frá 25. nóvember 2020 um að samþykkja ekki klórófen sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2 (Stjtið. ESB L 397, 26.11.2020, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/2160, framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1771 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2020/1765, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.